

HANDVERK OG HÖNNUN

í Ráðhúsi Reykjavíkur
6. til 10. nóvember 2014


Niðurstöður viðhorfskönnunar nóvember 2014

Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR sem haldin var dagana 6. til 10. nóvember 2014.


Könnunin var framkvæmd dagana 17. – 25. nóvember 2014.

Svörun var afar góð eða **96%** en alls svaraði 51 af 53 þátttakendum könnuninni.

1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í ellefta sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?




2. Hver er ávinningur þinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



* Ef annað, þá hvað?


- Auglýsingagildi
- Góð kynning

3. Finnur þú fyrir auknum áhuga á vörum þínum í kjölfar sýningarinnar í Ráðhúsinu?




4. Framboð vöru.


Hakaðu í það sem við á



5. Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.



6. Mikil áhersla var lögð á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna?



*Ef annað, þá hvað?

- Keypti auglýsingar á Facebook


8. HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt sýninguna á ákveðinn hátt undanfarin ár, þ.e. með kynningarbæklingi sem dreift er í 87.000 eintökum með pósti, markvissri kynningu á opnum samfélagsmiðlum (Facebook, Twitter, Instagram), rafrænu boðskorti og fréttatilkyningum í fjölmiðla. Einnig hefur heimasíðukynning á þátttakendum farið í loftið mánuði fyrir sýninguna.

Hefur þú hugmyndir um nýjar leiðir í kynningarmálum?


- Nei
- Bara flott
- Nei
- Fá meiri umfjöllun í sjónvarpi
- Mér finnst bæklingurinn alltaf gefa góða raun.
- Mér fannst minna af erlendum viðskiptavinum en þegar ég hef verið áður
- Ég var hissa á hvað fáir erlendir ferðamenn komu á markaðinn. Er hann auglýstur á gististöðum og öðrum stöðum þar sem ferðamenn halda sig.
- Er mjög ánægð með bæklinginn og aðra kynningu sem Handverk og hönnun sér um fyrir sýninguna.

9. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Kynningarefni var sent á ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum og Bretlandi sem skipuleggja ferðir til Íslands. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsingaspjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótél í Reykjavík.


Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?




10. Virðisaukaskattur



11. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



12. Búseta



13. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Það mætti endilega skoða aðra möguleika á húsnæði fyrir Handverk og hönnun. Gestir og þátttakendur margir sammála um að húsnæðið sé of lítið og erfitt að finna bílastæði.
- Ég var mjög ánægð að geta fengið góðar máltíðir á staðnum, og á vægu verði. Kærar þakkir.
- Þetta var talsverð törn en ánægjuleg.
- Mjög vel að öllu staðið. Þetta er frábær staður til að kynna sig og sínar vörur. Takk fyrir frábæra helgi :)
- Frábært að fá heitan mat í hádeginu
- frekar dýrt að taka þátt.
- Takk Fjóla og Sunneva þið eruð frábærar en ég vildi þó að þessi sýning væri annarsstaðar. Þetta er löngu sprungið fyrir Ráðhúsið. Bara þeir allra áhugasömustu (þeir eru reyndar margir) nenna að koma í þennan mannfjölda miðað við pláss og bílastæðaleyfi.
- Takk fyrir frábært samstarf og faglega unna sýningu !
- Fyrirtæki mitt er staðsett á Austurlandi og fáum við mesta innkomu frá ferðamönnum yfir sumarið. Vetrarmánuðirnir eru erfiðir og lítil sem engin sala í gegnum verslun okkar en ágæt í gegnum vefsíður, þó alls ekki nóg. Sýningar handverks og hönnunar stór auka hjá okkur söluna, gera okkur kleift að kynna okkur vel og eru okkur nauðsynlegar til að komast í gegnum veturinn og fá næga ársveltu. Ég er ólýsanlega þakklát að þetta sé í boði og að hafa fengið tækifæri til að taka þátt.
- Tel rétt, að reyna sem kostur er, að koma sýningunni fyrir í einu lagi. Þakka sérstaklega fyrir að fá hádegisverð í húsinu.
- Þakka ykkur fyrir frábært starf.
- Takk fyrir alla hjálpinu. Þið eruð engu líkar. Gætuð ekki staðið ykkur betur.
- Markhópurinn er 45+ ára konur mætti fókusera meiri á yngri hópa eða halda tvo aðskilda viðburði fyrir yngri hóp
- Ég var ekki sátt við básinn minn að því leyti að þátttakendur beggja megin við mig voru með hillur og fataslár sem skyggðu á mitt pláss og gestir sem skoðuðu þeirra vöru stóðu þá gjarnan fyrir mínu borði. Ég vildi ekki tala um þetta við þær en myndi leggja til að strangari reglur giltu um hversu mikið má vera af slíku dóti. Básarnir öndvert við okkur voru hins vegar miklu opnari og það kom betur út.
- Miðað við allt sem tekið er fyrir á ljósvakamiðlum væri sniðugt fyrir stjórnendur sýningar að koma atburðinum í umfjöllun, ótrúlega margir sem horfa á stöðvar eins og N4 og ÍNN, svo er nú Landinn og Ísland í dag.... það þarf síðan aðeins að poppa upp aldurshópin sem sækir sýninguna.....full stórt hlutfall miðaldra/eldri kvenna sem skoða en versla lítið ;) Það þyrfti að ná til fólks undir 45 ára á einhvern hátt. Ástarþakkir f. mig geng alveg sátt frá borði..... vil samt alltaf selja meira, núna er básinn liðlega 20% af sölu vildi selja meira til að ná þessu niður í 10-15%, eða ódýrari bás
- Takk fyrir mig þetta var frábært. Faglega að þessu staðið.
- Takk fyrir frábærlega frammistöðu!